

88. Tilskipun handa Íslandi, um eptirmyndan ljósmynda og fl.

1869.
11. desbr.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar handa Íslandi um eptirmyndan ljósmynda o. fl., bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Hver sá, sem á sjálfs síns kostnað býr til frumlega ljósmynd eptir náttúrunni, eða ljósmyndar eitthvert listaverk, sem enginn hefir einkarétt á að eptirmynda, getur um 5 ára tímabil fyrirmunað öðrum að búa til til sölu ljósmynd eptir ljósmynd hans, með því að auglýsa á þeim stað og með þeim hætti, sem dómsmálaráðherrann tiltekur nákvæmar, að hann áskili sér einkarétt, og með því þar á ofan að setja nafn sitt og orðin „með einkarétti“ á sérhverja ljósmynd, er hann lætur frá sér fara.

Sè ljósmyndin gjörð eptir beiðni annars manns, þarf samþykkis hans ekki einasta til þess að fá áður nefndan einkarétt, heldur einnig til þess að mega selja eptirmynd af ljósmyndinni.

2. grein.

Hver sá, sem í nokkru skerðir réttindi þau, sem heimild er fyrir í 1. grein, skal sektaður um 5 til 200 rd., og þar að auki gjalda þeim, sem fyrir óréttinum hefir orðið, fullar skadabætur. Plötur og annað, sem eingöngu verður haft til hinnar ólöglegu eptirmyndunar, og eins allar hinar eptirgjörðu ljósmyndir, sem finnast og ætlaðar eru til sölu, skal upptækt gjört og ónýtt, nema að sá, sem fyrir óréttinum hefir orðið, krefst, að sér sè fengið það í hendur, og skal þá andvirði þess koma uppi skadabæturnar, sem honum bera. Sama hegning og skadabætur liggja við að hafa slíkar myndir til sölu og eins við því að flytja til landsins eptirmyndaðar ljósmyndir, sem gjörðar eru annarstaðar, og óleyfilegar eru samkvæmt þessari tilskipun.

3. grein.

Mál, sem rísa útaf afbrigðum gegn tilskipun þessari, getur

1869. sá einn höfðað, sem fyrir óréttinum hefir orðið, og verður þeim
11. desbr. málum því að eins gegnt, að þau sè höfðuð innan árs og dags.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr þegnlega að hegða.

11. desbr. **89. Opíð bréf handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrétti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafé sínu.**

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrétti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafé sínu, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Forréttindi þau, sem opíð bréf 23. júlímán. 1819 veitir forgangs-kröfum þeim, sem þar er um rædt, fyrir sjálfsvörzluveði því í lausafé, sem fengið er eptir auglýsingu tæðs opins bréfs, skulu einnig koma til greina, þegar gjörð er aðfór eða fjárnám til lúkningar slíkrar forgangs-kröfu, án þess nauðsynlegt sè til framkvæmdar greindra forréttinda að heimta, að öllu búi skuldunautsins sè skipt sem gjaldþrota. Þó leiðir það af N. L. 1.—22.—28. (D. L. 1.—24.—26.), að ekki má með slíkri gjörð taka til veðsetts lausafjár, ef að og að svo miklu leyti sem til eru óveðsettir fjármunir, er taka má lögtaki til lúkningar forgangs-kröfunni. Eigi skal heldur, þá er heimt eru inn opinber gjöld, sem hvíla á fasteignum, byrja lögtakið á lausum aurum, ef engir eru til óveðsettir, en þegar svo er ástatt, skal þegar taka fasteignina lögtaki; en aptur skulu hin önnur gjöld til ríkis og sveitar, sem ekki hvíla á fasteignum, heldur að eins á gjaldendum sjálfum, talin með þeim kröfum, sem, eins og að ofan er sagt, má leita lúkningar á með lögtaki í lausafé, þó veðsett sè. Annars er það vitaskuld, að hvorki framangreind ákvörðun, nè heldur opíð bréf 23. júlímán. 1819,